



Tillaga miðstjórnar að stefnu og grunngildum ASÍ í alþjóðamálum

Alþýðusamband Íslands byggir stefnu sína í alþjóðamálum á grunngildum íslenskrar og alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. Stefnan miðar að því að vernda mannréttindi launafólks og frjálsrar verkalýðshreyfingar um heim allan og tryggja að hnattvæðing, efnahagskerfi og tæknibreytingar þjóni vinnandi fólki. Öll afstaða ASÍ sem varðar alþjóðamál skal byggja á og hafa að leiðarljósi að tryggja félagsleg réttindi vinnandi fólks, með virðingu og mannréttindi sem leiðarstef.

ASÍ tekur virkan þátt í starfi evrópskra og alþjóðlegra verkalýðssamtaka til að hafa áhrif á stefnumótun í vinnu-, félags- og efnahagsmálum.

Grundvallaráherslur og grunngildi ASÍ

- Mannréttindi og vinnuréttur
Vernd og framfylgd grundvallarréttinda launafólks við vinnu samkvæmt samþykktum Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar og öðrum fjölþjóðlegum og alþjóðlegum mannréttindasáttmálum liggur til grundvallar alþjóðastarfi ASÍ.
- Samtakamáttur og samstarf
Samvinna verkalýðshreyfingarinnar þvert yfir landamæri styrkir stöðu alls launafólks. Samvinna og samstarf Íslands við önnur ríki á að þjóna hagsmunum samfélagsins alls og byggja á lýðræðislegri umfjöllun og ákvarðanatöku þjóðarinnar.
- Lýðræði og félagslegt réttlæti
Stuðningur við lýðræðisleg samfélög og samfélagshætti samhliða baráttu gegn kúgun, valdníðslu, mismunun, ofbeldi og stríðsátökum. Fátækt og réttindaleyfi einhverra er vandamál og viðfangsefni okkar allra.
- Barátta gegn mismunun og misnotkun
Andstaða við mismunun á hvaða grundvelli sem er og vinna gegn félagslegum undirboðum, launþjófnaði, nauðungarvinnu og barnavinnu er forsenda heilbrigðs samfélags og vinnumarkaðar.
- Réttlát hnattvæðing
Krafa um sanngjörn viðskipti, félagslega vernd og ábyrg alþjóðleg efnahagskerfi. Alþjóðaviðskipti og efnahagskerfi þjóni samfélagslegum hagsmunum, ekki aðeins arðsemi, og styðji sjálfbæra þróun.
- Sjálfbær framtíð
Tryggja að loftslagsaðgerðir og tæknibreytingar leiði til mannsæmandi starfa sem tryggi vinnandi fólki stöðu og framtíð. Það eru engin störf á dauðri plánetu.

Framtíðarsýn og verkefni ASÍ

- Að viðurkennt verði mikilvægt hlutverk verkalýðshreyfingarinnar við að þróa atvinnulíf í samvinnu við aðra aðila á vinnumarkaði. Það er hlutverk ASÍ að fylgjast með og berjast gegn þróun sem veikir áunnin réttindi og verja íslenska vinnumarkaðsmódelið sem hér hefur tryggt launafólki eftirtektarverðan ávinning.
- Að staða Íslands í alþjóðlegri samvinnu verði treyst enn frekar og að tækifæri og ávinningar þeirrar samvinnu skili sér til launafólks á íslenskum vinnumarkaði. Það er hlutverk ASÍ og þeirra féлага sem að ASÍ standa, að þrýsta á um að íslensk fyrirtæki í alþjóðlegum rekstri starfi samkvæmt þeim alþjóðlegum samningum sem Ísland á aðild að. Jafnframt að halda á lofti þeirri kröfu að opinberir aðilar beini ekki viðskiptum til alþjóðlegra aðila sem stunda mannréttindabrot og berjast gegn mannréttindum vinnandi fólks og verkalýðshreyfingar.
- Að aukinni alþjóðavæðingu og opnun vinnumarkaðarins verði mætt með því að treysta stöðu erlendra starfsmanna hér á landi og tryggja að þeir verði ekki notaðir til að skerða kjör eða draga úr réttindum á vinnumarkaði.
- Að Íslendingar setji sér það markmið í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, þannig að íslenskt efnahagslíf verði framsækið og samkeppnishæft á alþjóðavísu, tryggi sjálfbæran hagvöxt, fulla atvinnu, góð störf og félagslegan jöfnuð. Til þess þarf:
 - Atvinnustefnu sem miði að því að skapa fleiri og betri störf, sem byggja á hæfu starfsfólki, frumkvæði og framsækni, aðlögunarhæfni og jafnrétti kynjanna. Öflug símenntun og annað tækifæri til náms eru mikilvægustu tækin til að ná þessum markmiðum.
 - Félagsleg markmið um vinnumarkað sem byggja á öryggi, en jafnframt sveigjanleika sem gagnist bæði launafólki og fyrirtækjum.
 - Markmið um mannsæmandi lífskjör fyrir alla og um vinnumarkað og atvinnulíf sem sé uppspretta frekari lífsgæða, með styttri vinnutíma, auknum möguleikum til símenntunar, og betra samræmis á milli atvinnuþátttöku og einkalífs.
 - Efnahagsstjórn sem byggja á því að treysta stöðugleika í efnahagslífinu og tryggja þannig betur samkeppnishæfni og vaxtarmöguleika íslensks atvinnulífs.
 - Að unnið verði gegn þeirri þróun í alþjóðasamskiptum þar sem virðing fyrir alþjóðareglum hefur minnkað og áhersla vaxið á rétt hinna völdugu. Sú þróun hefur m.a. falið í sér:
 - Að áhrif völdugra fjölþjóðlegra fyrirtækja hafa aukist og markvisst verið grafið undan starfi og stöðu stéttarféлага með því m.a. að veikja framkvæmd alþjóðlegra samninga sem réttindi þeirra og skyldur byggja á.
 - Gríðarlega auðsöfnun fámenns hóps, sem beitir fjármagni sínu til þess að grafa undan grundvallarréttindum vinnandi fólks og styður þau stjórn málaöfl sem vinna gegn félagslegum réttindum launafólks, eru að veikja stóðir bæði lýðræðis og velferðar.
 - Að samfara þessu hefur orðið til kerfi spillingar þar sem fjármagn flæðir í vasa þeirra sem þjóna hagsmunum þessa hóps og virðing fyrir lögum og rétti fer minnkandi. Þetta er þróun sem á sér stað þvert á landamæri og er Ísland ekki undanskilið í því efni.

Greinargerð

Almennt má segja að á öllum tímum skipti alþjóðleg samskipti miklu máli og reyndar sífellt meira máli. Þetta á ekki síður við um verkalýðshreyfinguna en aðra. Mikilvægt er því að ASÍ skilgreini grunngildi sín í þessu efni sem veitt geti stofnunum ASÍ leiðsögn. Þessi grunngildi fela ekki í sér stefnumótun um einstök verkefni eins og t.d. afstöðu til aðildar að ESB eða þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hefja skuli viðræðu.

Á síðustu áratugum hefur ASÍ tekið sífellt meiri þátt í samstarfi verkalýðshreyfingarinnar á norrænum, evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Með þessu hefur ASÍ tekið þátt í baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum kjörum og réttindum í Evrópu og heiminum öllum. Í þessu sambandi má t.d. minna á alþjóðlega baráttu fyrir mannréttindum, baráttuna gegn barnavinnu og baráttuna fyrir tryggingu félagslegra ákvæða í viðskiptasamningum. Stór hluti af þessu starfi fer fram í beinu samstarfi innan verkalýðshreyfingarinnar en sumt fer fram innan alþjóðastofnana eins og Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) þar sem ríkisstjórnir heimsins taka þátt. Hér á landi hefur ASÍ reynt að beita áhrifum sínum til þess að hafa áhrif á stefnu íslenskra stjórnvalda í þessu starfi. Almenn og formleg stefna ASÍ í alþjóðamálum hefur þó ekki verið mótuð með skýrum hætti og frekar hefur verið unnið með afstöðu til einstakra þátta og stefnan endurspegluð þar.

Þing ASÍ og miðstjórn hafa ályktað um hin ýmsu mál þegar þau hafa komið upp. Viðhorf í þessu efni frá síðustu árum er fyrst og fremst að finna í stöku ályktunum og minnisblöðum. Þessi viðhorf eru einnig ágætlega greind á söguvef ASÍ. Þar er einnig að finna yfirlit um þróun í alþjóðlegri þátttöku. Tillaga að grundvallarstefnu og áherslum ASÍ er sett fram á á grundvelli þeirrar afstöðu ASÍ sem birst hefur í samþykktum ársfunda, þinga og miðstjórnar og er lögð fyrir Alþjóðanefnd til frekari vinnu vegna undirbúnings fyrir þing ASÍ haustið 2026.